

## **Fundargerð 95. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.**

**Dagsetning: Mánudagur 22. janúar 2024 klukkan 16:15 á Teams.**

**Viðstaddir:** Björg Ágústsdóttir (formaður), Kristinn Jónasson, Gerður B. Sveinsdóttir, Gunnar Ásgrímsson varamaður (í stað Helgu Guðmundsdóttur), Thelma Harðardóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari og Hermann Hermannsson mannauðsstjóri sem ritaði fundargerð. Birta Antonsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Berglind Hólm Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi nemenda voru einnig á fundinum.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna og stýrði fundi.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram**

Farið var yfir framkvæmd ritunar fundargerðar og hvort rita eigi fundargerð í nútíð eða þátíð, og ákveðið að rita skuli fundargerðir í þátíð. Björg fór yfir mikilvægi þess að fundargerðir væru lesnar yfir og fundarmenn þyrftu að meta hvað það væri sem þeir vildu láta hafa eftir sér í fundargerðum nefndarinnar.

Þá skuli safna saman samþykktum til að gera starf nefndarinnar skilvirkara.


Umræða fór fram um ritun fundargerða og nokkur atriði komu fram sem mætti lagfæra. Afgreiðslu frestað þar til fundargerðin hefur verið lagfærð í samræmi við athugasemdir.

#### **2. Innritun, upphaf annar, námsframboð**

Hrafnhildur fór yfir stöðu mála eftir að innritun á vorönn lauk. Heildarfjöldi nemenda er 183 og skiptist svo:

- 98 fjarnemendur
- 3 nemendur með frjálsa mætingu
- 4 nemendur úr grunnskólum
- 78 staðnemendur í dagskóla. Þar af eru 7 nemendur í framhaldsdeild á Patreksfirði.

Hrafnhildur fór yfir breytt fyrirkomulag verkefnatíma, sem heita í dag vinnustund, þar sem nemendur hitta á kennara sína á tilgreindum tíma í stundatöflu og vinna



áfram að verkefnum sínum undir handleiðslu kennara. Mætingarskylda er í þessa vinnustund.

Thelma spurði út í nýsköpunarbraut og hefur hún verið í boði núna í á þriðja ár og hefur tækjakostur verið bættur til muna síðan að brautin varð að veruleika og í sífældri framþróun. Þar er verið að skoða möguleika í stafrænni kennslu með hjálp sýndarveruleikagleraugna sem verða líklega næsta fjárfesting.

Thelma spurði einnig um samsetningu nemendahópsins á vorönn, hvort nýir nemendur væru að koma frá öðrum skólum. Fjarnemar koma víða að og margir hverjir taka marga áfanga á meðan aðrir þurfa aðeins að taka einn áfanga í FSN.

Hrafnhildur sagði frá fyrsta nemandanum sem innritaður hefur verið í verknám við skólann, en hann er í verkefnastýrðu námi í málaraiðn sem verður unnið í samvinnu við Tækniskólann, sem sjá um verklegu hlið námsins. Hann innritast og útskrifast sem nemandi FSN.

Verkefnastýrt nám veitir möguleika fyrir nemendur úti á landi til verklegs náms og vonandi er hægt að vinna að fleiri námsleiðum með þessu fyrirkomulagi.

### **3. Niðurstaða náms á haustönn**


Skólinn fær greitt með 150 ársnemendum á fjárlögum (ársnemandi = 30 eininga nemandi). Á haustönn voru ársnemendur 120 og luku þeir einungum sem jafngilda um 100 ársnemendaígildum. Þó farið sé yfir það er ekki greitt aukalega. Það er ekki lengur þannig að greitt sé aðeins fyrir staðnar einingar. Því er mikilvægt að fá fjarnemendur til að fylla í þessi nemendaígildi.

Þetta hlutfall er eins og gengur og gerist og getur sveiflast milli ára.

### **4. 20 ára afmæli skólans, afmælisnefnd**

Björg talaði um að tímabært væri að huga að því að skipa afmælisnefnd fyrir 20 ára afmæli skólans. Það þarf að skoða hverjir yrðu fulltrúar hverra í þessari nefnd. Á síðasta fundi var talað um mögulega fulltrúa og var þeirri umræðu haldið áfram. Rætt var um að nefndina skipuðu fulltrúar nemenda, kennara, foreldra, skólanefndir gamlar og nýjar og fulltrúar af upptökusvæði skólans. Kannski fjóra til fimm einstaklinga. Þá gætu það verið fulltrúar frá sveitarfélögunum og svo fulltrúa úr grenndarsamfélaginu.

Þá þarf að hugsa út í hvaða dagsetningar væru æskilegar fyrir hátíðarhöldin. 10 ára afmælis var haldið 2. október 2014. Hrafnhildur stakk upp á því að halda húsfund í skólanum með nemendum og starfsfólki og ræða um afmælishátíðina, framkvæmd hennar og fulltrúa nemenda í afmælisnefnd. Þá þarf að leita að fulltrúa úr hópi foreldra.



Björg bað um framboð frá meðlimum skólanefndar til að verða fulltrúi skólanefndar og var það lagt til að Helga Guðmundsdóttir tæki það að sér.

Skólanefnd verði svo afmælisnefnd innan handar við framkvæmd og skipulag.

Kristinn lagði til að kröftunum yrði beitt í að nota 20 ára afmæli skólans út á við, hvað skólinn hefur verið að gera á undanförunum árum og hver hann stefnir á næstu 10 árum.

Björg lagði til að skoða stöðu skólans út frá byggðapróun og mætti skoða það m.t.t. þess sem Vífill Karlsson hefur verið að rannsaka síðustu ár. Hvaða máli hefur það skipt að hafa þennan skóla?

## 5. Önnur mál

Hrafnhildur sagði frá nýjum samningi um Framhaldsdeildina sem undirritaður var 17. janúar s.l.. Skrifað var undir áframhaldandi rekstur deildarinnar og breytingar voru ekki miklar. Aðallega voru breytingar á skiptingu kostnaðar við ferðalög nemenda til FSN, nú greiða sveitarfélögin ferð nemenda með ferjunni til Stykkishólms, FSN kemur nemendum frá bryggju í Stykkishólmi til Grundarfjarðar og nemendur greiða svo fyrir gistingu sjálfir. Þetta fyrirkomulag þarf að kynna fyrir nemendum og foreldrum, bæði hvað varðar kostnað og skipulag ferðanna.

Í framhaldi af umræðum síðasta fundar þar sem rætt var um að skoða það hvort hægt væri að endurskoða fyrirkomulag jöfnunarstyrks framhaldsskólanema var ákveðið að vinna áfram að samtali við ráðuneyti um þann möguleika. Patreksfirðingar fá ekki jöfnunarstyrk á meðan Tálknfirðingar og Bíldælingar geta fengið þann styrk. Jöfnunarstyrkurinn myndi dekkja þann kostnað sem hlýst af ferðalögunum að mestu leiti.


Kristinn vék af fundi kl. 17:32

Hrafnhildur sagði frá ferð fjögurra starfsmanna á Erasmus námskeið í febrúar á Lanzarote sem leggur áherslu á náttúru og listsköpun.

Hrafnhildur sagði einnig frá námskeiði í sjálfsumönnun sem tveir starfsmenn FSN munu sækja í apríl. Námskeiði þessu er ætlað að veita starfsfólki verkfæri og aðferðir til að vinna að bættri líðan starfsfólks og vinna gegn kulnun.

Viðhaldsúttekt verður gerð á jafnlaunakerfi skólans 15. febrúar. FSN skipti um vottunaraðila í haust og er þetta fyrsta úttekt hjá nýjum aðila.

Berglind, forseti nemendafélags, fór yfir það helsta sem er á dagskrá í félagslífinu. Árshátíð er á næstu grösum og framhaldsskólahermir. Berglind kveður stemmingu vera góða.



---

Framhaldsskólahermir hefur verið haldinn síðustu ár með góðum árangri. Þar fara fram kynningar á skólanum fyrir nemendum í 10. bekkjum á upptökusvæðinu og þarf að halda þeim enn frekar á lofti.

Ákveðið var að næsti fundur skólanefndar verði mánudaginn 11. mars kl. 16:15 á Teams.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl.17:48.